

## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

2. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 18. ágúst 2023

kl. 12.00 – 14.00 í Gimli, stofu G-209 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Grétar Þór Eypórsson og Hólmfríður Garðarsdóttir.

Forföll: Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 1. stjórnarfundar frá 20. júní 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Starfsemi skrifstofunnar. Framhald.
3. Kjaraviðræður, undirbúningur.
  - a) Könnun.
  - b) Samninganefnd FPR, framhald.
  - c) Fundir með prófessorum.
  - d) Fundur með BHM.
4. Aukaáðalfundur BHM 20. september nk. Fulltrúar FPR. (Fskj. 2 a-b)
5. Fundartími stjórnar.
6. Ályktun um launasetningu prófessora. (Fskj. 3)
7. Önnur mál.

### Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 1. stjórnarfundar frá 20. júní 2023
2. a-b. Tölvupóstur frá BHM um aukaálfund 20. september 2023.
3. Ályktun um launasetningu prófessora.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.04.

### 1. Fundargerð 1. stjórnarfundar frá 20. júní 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt samhljóða með breytingum.

### 2. Starfsemi skrifstofunnar. Framhald.

Skrifstofa FPR: Framkvæmdastjóri upplýsti að skrifstofa félagsins verði að flytja frá Hótel Sögu vegna framkvæmda. Búið er að skoða skrifstofuaðstöðu sem er í boði, bæði á háskólasvæðinu og hjá BHM í Borgartúni 6. Ákveðið var að taka skrifstofu sem var að losna hjá BHM tímabundið á leigu ásamt Félagi háskólakennara sem er einnig í sömu stöðu. Rætt vara um bílastæðamál í Borgartúni og kostnaði því samfara. Málið verður rætt á næsta fundi.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra: Formaður lagði til hækkun á starfshlutfalli framkvæmdastjóra úr 50% í 60% eins og var áður. Samþykkt var að það taki gildi frá 1. ágúst nk. og verður endurskoðað aftur um næstu áramót ef þurfa þykir.

Hlutdeild Starfsþróunarsjóðs prófessora (SP) í kostnaði af rekstri skrifstofu:

Í ljósi fjölda umsókna í sjóðinn lagði formaður til að SP greiði 15% hlutfall af launum framkvæmdastjóra ásamt launatengdum gjöldum fyrir árið 2023.

Þá var lagt til að SP greiði 30% af öðrum sameiginlegum kostnaði af rekstri skrifstofunnar fyrir sama tímabil. Stjórn samþykkti að bera ofangreindar tillögur undir stjórn sjóðsins.

### 3. Kjaraviðræður, undirbúningur.

#### a) Könnun.

Formaður sagði frá vinnu við undirbúning tveggja kannana í aðdraganda næstu kjarasamninga. Önnur fjallar um áherslur FPR í samningaviðræðunum sem send verður félagsfólki. Hin könnunin er viðameiri og fjallar um vinnurými og vinnuaðstæður sem lögð verður fyrir allt akademískt starfsfólk í samstarfi við FH og FHA. Vinnufundur verður í byrjun september um málið.

#### b) Samninganefnd FPR, framhald.

Búið var að skipa formann og varaformann í samninganefnd FPR. Rætt var að um fá einn til viðbótar í nefndina. Tillaga kom fram um Hólmfríði og/eða Þórodd. Formaður kannar hvort þau gefi kost á sér og lætur vita á næsta fundi.

Þá var rætt um að stofna ráðgjafahóp sem starfi með nefndinni. Nokkrar tillögur komu fram um fullrúa í hópinn. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi.

#### c) Fundir með prófessorum.

Formaður stefnir að því að koma á fundum með prófessorum hjá háskólunum til að ræða kjaramálin ásamt fulltrúum í stjórn. Þá verða fundir með rektorum háskólanna.

#### d) Fundur með BHM.

Hagfræðingur BHM kemur á stjórnarfund í september til að ræða kjaramál og kjarasamninga. Rætt var um að óska eftir tölulegum upplýsingum í tengslum við kjarasamningana s.s. launaþróun prófessora í samanburði við aðra hópa, lífeyrismál, ævitekjur og fleira.

Formaður BHM er tilbúinn að koma á fundi með stjórnnum aðildarfélagana. Formaður FPR mun hafa samband og finna tíma.

### 4. Aukaaðalfundur BHM 20. september nk. Fulltrúar FPR. (Fskj. 2 a-b)

Aukaaðalfundur BHM verður miðvikudaginn 20. september kl. 10. Fundurinn verður stuttur fjarfundur á Teams. Efni fundarins er kosning varaformanns BHM sbr. ákvörðun formannaráðs.

FPR á rétt á 5 aðalfundarfulltrúum til setu á fundinum og þurfa tilnefningar að berast fyrir 23. ágúst nk. Samþykkt var að fulltrúar FPR verði þau Sigrún, Guðný, Ragna, Lilja og Þóroddur, ef hann gefur kost á sér.

### 5. Fundartími stjórnar.

Gert er ráð fyrir að fundir stjórnar verði mánaðarlega og oftast ef þarf með kjarasamninga í huga. Föstudagar kl. 13-15 hentar flestum en ekki var tekin ákvörðun um fastann fundartíma. Ákveðið var að næsti fundur verði föstudaginn 15. september kl. 13-15 í stofu 302 í Gimli.

### 6. Ályktun um launasetningu prófessora. (Fskj. 3)

Vegna tímaskorts var málinu frestað til næsta fundar.

## 7. Önnur mál.

### a) Námskeið BHM sem eru á döfinni.

- „Fjármál við starfslok“ verður 23. ágúst kl. 9-12.  
Upplýsingar um námskeiðið hefur verið sent félagsfólki.
- „Ábyrgð og skyldur stjórnarfólks í stjórnun stéttarféлага“ verður þann 4. september kl. 9-11.  
Stjórnarfolk var hvatt til að skrá sig á námskeiðið.
- „Trúnaðarmannanámskeið, framhald“ er áætlað 12. október kl. 9-14.  
Fulltrúar í stjórn eru trúnaðarmenn og voru þeir hvattir til að skrá sig á námskeiðið.  
Trúnaðarmenn hjá Háskólanum á Hólum og LBHÍ fengu upplýsingar um námskeiðið í tölvupósti.

### b) Minnisblað - Niðurstöður könnunar meðal trúnaðarmanna aðildarféлага BHM.

Minnisblaðið var sent stjórnarmönnum og öðrum trúnaðarmönnum til upplýsinga en könnunin fór fram í maí 2023.

### c) Könnun BHM um kjarasamningsgerð.

BHM sendi förmönnum aðildarfélagana könnun um kjarasamningsgerð þann 15. ágúst sl. Um er að ræða könnun á reynslu af aðferðafræði samflotsins sl. vetur. Hólmfríður og Ólafur Páll munu svara könnuninni sem fulltrúar í þáverandi samninganefnd FPR.

### d) Stofnanasamningar – staðan.

Formaður upplýsti að búið er að ganga frá viðauka við stofnanasamning LBHÍ og FPR sem gildir frá 1. júlí 2023. Þeir skólar sem eiga eftir að ganga frá samningum eru HA og Háskólinn á Hólum. Grétar Þór upplýsti að hægt verði að ganga frá samningi við HA fljótlega.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.00.

Fundarritari: LÞ.